

3

11. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúða-
bygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

4

15. febr.

L Ö G

um embættisbústaði héraðsdýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdýralækna, láta byggja, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íbúðarhús handa héraðsdýralæknum.

Heimilt er ríkisstjórninni að kaupa íbúðarhús til þessara nota, þar sem slíkt þykir hagkvæmara. Höfð skulu samráð við yfirdýralækni um kaup á húsum og byggingu húsa samkvæmt þessari grein.

Þar skal fyrst byggt, sem þörfin er talin brýnust að dómi landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar í undæmi héraðsdýralæknis embættisbústaður skuli staðsettur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

3. gr.

4

Byggingar skulu gerðar eftir teikningum og kostnaðaráætlun, sem ráðherra hefur samþykkt, og skal trúnaðarmaður ráðherra hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum. Vandað skal eftir föngum til bygginganna og þess gætt, að þar sé rúm fyrir vinnustofu, lyfjageymslu o. s. frv., eftir því sem henta þykir.

4. gr.

Um viðhald embættisbústaðar, váttryggingu, úttekt við embættaskipti o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

5

um aðild Íslands að Alþjóðahveitisamningnum.

19. jan.

Hinn 23. nóvember 1956 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent aðildarskjal Íslands að Alþjóðahveitisamningnum, sem undirritaður var í Washington 18. maí 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 19. janúar 1957.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

6

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

21. jan.

Hinn 30. desember 1956 var viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A. 53/1953) framlengdur óbreyttur til ársloka 1957. Framlengingin fór fram með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. janúar 1957.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.